

Fimmtudaginn 6. júní 1996.

Nr. 94/1996.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Benedikt Orri Viktorssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Fjársvik. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds með stefnu 4. mars 1996. Ákærvaldið krefst þyngingar á refsingu.

Ákærði krefst þess, að refsing samkvæmt héraðsdómi verði milduð.

Broti ákærða er lýst í hinum áfrýjaða dómi svo og sakaferli að því leyti, sem hér skiptir máli. Við ákvörðun refsingar ber að líta til 1., 2., 6. og 7. töluliðar 1. mgr. og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og 255. gr. sömu laga. Að því gættu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með vísan til forsendna hans.

Ákærði verður dæmdur til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Benedikt Orri Viktorsson, greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. febrúar 1996.

Ár 1996, föstudaginn 2. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdóm-

ara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 83/1996: Ákærvaldið gegn Benedikt Orra Viktorssyni og X, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 23. janúar sl., á hendur ákærðu, Benedikt Orra Viktorssyni, Torfufelli 34, Reykjavík, fæddum 22. október 1967, fæðingarnúmer 452, og X [...], „fyrir eftirgreind hegningarlagabrot, framin í Reykjavík:

I.

1. Ákærða Benedikt Orra eru gefin að sök fjársvik með því að hafa aðfaranótt 18. ágúst 1994 sviðsett innbrot og þjófnað á innbúi á heimili sínu, Sogavegi 162. Ákærði útbjó síðan lista yfir þá muni, sem hann lýsti stolnum, ásamt verðmæti þeirra og fékk ákærðu X til að afhenda hann Tryggingamiðstöðinni hf., Aðalstræti 6–8, Reykjavík, skömmu eftir innbrotið. Vakti fyrir ákærða Benedikt Orra, að tryggingarbætur yrðu greiddar fyrir innbrotstjón, en ákærði var með fjölskyldutryggingu hjá váttryggingafélaginu fyrir 3.500.000 kr. tímabilið 1. mars til 31. desember 1994. Ákærði sveik þannig út og tók við bótum, samtals að fjárhæð 2.496.490 kr., 27. september og 6. október 1994.

2. Ákærðu X er gefin að sök hylming með því að hafa notað a. m. k. 200.000 kr. af því fé, sem fyrrverandi sambýlismaður hennar, ákærði Benedikt Orri, er ákærður fyrir að hafa svikið út með fyrrgreindum hætti, til greiðslu á einkaneyslu sinni og á þann hátt tekið þátt í ávinningi og haldið við ólöglegum afleiðingum brota hans.

Telst brot ákærða Benedikts Orra varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en brot ákærðu X við 1. mgr. 254. gr. sömu laga.

II.

Ákærðu báðum eru gefin að sök fjársvik og tilraun til fjársvika, ákærða Benedikt Orra með því að hafa 20. maí 1995 sviðsett innbrot og þjófnað á innbúi á heimili þeirra, Krúhólum 4, og ákærðu bæði útbúið síðan í félagi lista yfir þá muni, sem þau lýstu stolnum, ásamt verðmæti þeirra og afhent hann Váttryggingafélagi Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík, skömmu eftir innbrotið. Vakti fyrir ákærðu, að tryggingarbætur yrðu greiddar fyrir innbrotstjón, en ákærða X var með fjölskyldutryggingu F-plús hjá váttryggingafélaginu fyrir 3.156.000 kr. tímabilið 5. apríl 1995 til 1. apríl 1996. Ákærðu sviku þannig út og tóku 30. maí 1995 við bótum, að fjárhæð 100.000 kr., og gerðu tilraun til að svikja út 2.725.000 kr. auk bóta vegna ætlaðs þjófnaðar á 400 geisladiskum og tveimur gömlum málverkum, sem ekki höfðu verið verðlögð.

Telst þetta varða við 248. gr. og sömu grein, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar.

Þá krefjast eftirgreindir aðilar bóta:

1. Tryggingamiðstöðin hf., kt. 660269-2079, krefst bóta, að fjárhæð 2.306.490 kr., ásamt vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. ágúst 1994, en síðan dráttarvöxtum skv. III. kafla sömu laga til greiðsludags.

2. Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, krefst bóta, að fjárhæð 100.000 kr., ásamt vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. maí 1995, en síðan dráttarvöxtum skv. III. kafla sömu laga til greiðsludags.“

I.

Málavextir.

1. Ákærði Benedikt hefur skýlaust játað athæfi það, sem hann er saksóttur fyrir í 1. tl. I. kafla ákæru. Hefur hann brotið það lagaákvæði, sem tilfært er við þann ákærulið.

2. Ákærða X hefur neitað því að hafa vitað, að peningarnir, sem ákært er út af í 2. tl. þessa ákærukafla, væru illa fengnir. Hefur hún sagt, að hún hafi ekki komist að því, fyrr en hún var búin að eyða fénu. Meðákærði ber með ákærðu að þessu leyti. Ber því að sýkna hana af þessum ákærulið.

II.

Ákærðu hafa bæði skýlaust játað að hafa lagt á ráðin og staðið að því að fremja brot þau, sem greinir í II. kafla ákæru. Eru brot þessi rétt færð til refsheimilda í ákæru.

Skaðabótakrafa Tryggingamiðstöðvarinnar er fyrir „tryggingarsvik“. Ákærða X er hins vegar ákærð og sakfelld fyrir hylmingu. Verður að telja, að krafan beinist aðeins að ákærða Benedikt. Hann hefur mótmælt kröfunni af þeirri ástæðu, að tölva hans og sjónvarp, sem félagið lét ganga upp í kröfuna, séu of lágt metin. Krefst hann þess, að kröfunni verði vísað frá. Ekki er unnt að átta sig á verðmæti þessara hluta, og verður að telja, að krafan sé óljós, og er henni vísað frá dómi.

Krafa Vátryggingafélags Íslands hf. beinist að ákærðu X einni, og hefur hún samþykkt hana. Ber samkvæmt því að dæma hana til þess að greiða félaginu 100.000 krónur í skaðabætur ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. maí 1995, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna til greiðsludags.

Ákærði Benedikt Orri var 1991 dæmdur fyrir skjalafals og auðgunarbrot, þ. á m. tryggingarsvik, í tólf mánaða fangelsi, þ. a. níu mánuði skilorðsbundna. Brot ákærða nú er stórfellt og ófyrirleitid. Þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin fangelsi í fimmtán mánuði.

Ákærða X hefur ekki áður gerst sek um refsilagabrot. Þykir refsing hennar hæfilega ákveðin fangelsi í fimm mánuði. Rétt er að fresta fram-

kvæmd refsingarinnar og ákveða, að hún falli niður að liðnum þremur árum, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dæma ber ákærða Benedikt Orri til þess að greiða verjanda sínum, Bjarka Diego héraðsdómslögmanni, 25.000 krónur í verjandaþóknun og ákærðu X til þess að greiða verjanda sínum, Helga Birgissyni héraðsdómslögmanni, 25.000 krónur í verjandaþóknun. Úr ríkissjóði greiðist verjandanum 10.000 krónur í verjandaþóknun. Annan kostnað leiddi ekki af málinu.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Benedikt Orri Viktorsson, sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærða X sæti fangelsi í 5 mánuði. Frestað er framkvæmd refsingarinnar, og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi hún almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða X greiði Vátryggingafélagi Íslands hf. 100.000 krónur í skaðabætur ásamt almennum vöxtum frá 29. maí 1995, en síðan dráttarvöxtum til greiðsludags.

Ákærði Benedikt Orri greiði verjanda sínum, Bjarka Diego héraðsdómslögmanni, 25.000 krónur í verjandaþóknun, og ákærða X greiði verjanda sínum, Helga Birgissyni héraðsdómslögmanni, 25.000 krónur í verjandaþóknun. Úr ríkissjóði greiðist verjandanum 10.000 krónur í verjandaþóknun.
